

1871.

31. júlí.

Kirkjubæjar klaustri, sem fyrir nokkru hefir kynnt sér kennslu-
aðferðina í hinum konunglega ómálaskóla hér í borginni.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leið-
beiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli.

**75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vestur- umdæminu, um lestagjald og afgreiðslugjald
af skipi.**

7. ágúst.

Eftir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra amtmaður,
dagsett 6. maím. þ. á., um bænarskrá nokkra, þar sem Schmidt
í Arósi á Jótlandi sækir um, að sér verði borgað aptur lestagjöld
og afgreiðslugjöld, sem hann hafi greiðt af fiskiskipi sínu til bæjar-
fógetans í Ísafjardarkaupstað, höfum vér sent fjárhagsstjórninni
bænarskrána til úrskurðar, að því leyti, er snertir lestagjöldin,
sem hafa runnið í ríkissjóðinn, og hefir tæð stjórnarráð síðan, í
bræfi 1. þ. m., tilkynnt dómsmálastjórninni, að borga megi sækjand-
anum aptur lestagjaldið, sem var 33 rd.

Þaræð fjárhagsstjórnin þannig álitur, að tæð skip aðeins hafi
verið haft til fiskiveiða, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt Auka-
tekju-reglugjörð rættarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830, 62.
gr.¹ gefið tæðum kaupmanni Schmidt upp 66 sk. af afgreiðslug-
gjaldinu, sem var 2 rd. 72 sk., og mælumst vér því til, að þér,
herra amtmaður, bjóðið bæjarfógetanum í Ísafjardarkaupstað að
borga aptur tæða 66 sk. og greiða þá í jardabókarsjóðinn.²

¹) Lovsamling for Island, IX., 549.

²) Dómsmálastjórnin hafði mælt til við fjárhagsstjórnina, að hún
læti borga Schmidt kaupmanni þessa 66 sk. á gjaldstofunni í
Árósi fyrir hönd jardabókarsjóðsins.